

Mánudaginn 5. desember 2022 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 20/2022.

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 17. október 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærða hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 13.03.2022 kom í ljós að Dandie Dinmont Terrier tíkin A, var aðeins 23 mánaða við þörun þann 12.01.2022. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins X
Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að lágmarksaldur tíka við þörun er 24 mánuðir.

Kæran var send X til umsagnar með bréfi dagsettu 17. október 2022 og gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá X. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

X telst hafa gerst brotleg við grein 2.4 gr grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ með því að hafa brotið gegn reglum um lágmarksaldur tíka við þörun.

X hlýtur fyrstu áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja K. Magnúsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen

Selma Olsen